



Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegur 166
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. júlí 2007
Tilvísun: 2007070009
Bréfalykill: 22.2

Efni: Hengilssvæði-Meitlar.

Með bréfi dags. 11. júlí 2007 óskar Skipulagsstofnun eftir umsögn Orkustofnunar um hvort ofangreind framkvæmd á vegum Orkuveitu Reykjavíkur (OR) sé matsskyld. Orkustofnun hefur kynnt sér framlögð gögn OR; skýrsluna *Rannsóknarboranir við Litla-Meiti, Sveitarfélaginu Ölfusi - tilkynning um framkvæmdir*, sem tekin er saman af VGK-Hönnun, dags. júlí 2007. Þessar framkvæmdir eru m.a liður í fjölgun eftirlitshola með afrennsli niðurrennslisveitu, en niðurstöður rannsókna á svonenfndu niðurrennslistsvæði norðan Gráhnúka gefa einnig tilefni til að afla betri þekkingar á jarðhita svæðisins og tengsla við Hengilssvæðið í heild sinni. Í þessum áfanga eru tvær holur, djúp og grunn. Vatn til kælingar verður tekið í þegar boruðum kaldavatnsholum á svæðinu eða þess aflað á staðnum. Förgun affallsvatns frá borun er með hefðbundnum hætti, og ekki ástæða til að ætla að hún hafi nema óveruleg áhrif á grunnvatn.

Niðurstaða:

Með tilliti til mögulegra áhrifa á viðkomandi auðlindir telur Orkustofnun þau ekki gefa tilefni til að fara fram á mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt

Kristinn Einarsson

Hákon Aðalsteinsson